

Hákon Jensson

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Melum og Draflastöðum í
Fnjóskadal í Þingeyjarsveit.**



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/10



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Hestasteinn í austur hluta á gamla kirkjugarðinum á Draflastöðum, mynd er tekin í vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/10

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	27
HEIMILDASKRÁ.....	28

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu á afmörkuðum svæðum á jörðunum Draflastöðum og Melum í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Á Draflastöðum voru svæðin tvö, fyrri svæðið í kringum gamla bæjarstæðið og kirkjugarðinn um 3,2 ha að stærð og seinna um 400 m norðan við bæjarstæðið að hluta í gömlu túnnum en að mestu í engjum um 38,5 ha. Á Melum var skráningarsvæðið að mestu leyti í gamla bæjarstæðinu og túnnum í kring en náði þó upp í brekkuna vestur að sumarhúsabyggð, stærð um 34,2 ha. Fornleifaskráning hefur ekki átt sér stað á svæðinu áður en til er skýrsla þar sem búið var að taka saman allar menningarminjar á jörðinni. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í byrjun júlí og ágúst 2025.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3482.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo ljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁶

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands, niðurhalsgögn og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Einnig voru mjög gagnlegar upplýsingarnar í skýrslunni „Menningarminjar í Hálshreppi, svæðisskráning“⁷ þar sem búið var að taka saman ritaðar heimildir um svæðið verður því ekkert fjallað um sögu jarðarinnar frekar í þessari skýrslu. Til viðbótar þessum gögnum var haft samband við heimildarmenn. Vegna mikils gróðurfars á staðnum var notast mikið við eldri loftmyndir við að finna og staðsetja minjar. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskonun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað minjar sem fundust á vettvangi voru mældar upp með Trimble Geo7X, ljósmyndaðar og mældar. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá 1998 frá Loftmyndum ehf.

4. Fornleifaskráning

Melar:

Fornleifanúmer: 3482-01

Hnit: A550745.6 N594052.8 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Sérheiti: Melamór

Í örnefnaskrá Mela segir: „Utan og sunnan við Finnastaðagil meðfram Fnjóská er Melamór. Hann nær heim að túni.“⁸ Búið er að afmarka Melamó í örnefnasjá Landmælinga Íslands og liggur hann fast norðan við deiliskipulagssvæðið á Melum.⁹ Ekki var hægt að sjá nein greinileg ummerki um mótekju nærri afmörkuðu svæði en mikill gróður var á staðnum.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁷ Guðrún Alda, 2002, bls. 37-45.

⁸ Örnefnaskrá Mela, bls. 2.

⁹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá



Mynd 1 Mörkin milli Melamós og túna á Melum, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3482-02

Hnit: A550751.3 N594038.7 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Í syðsta hluta á Melamó skammt norðan við túnið á Melum er garðlag. Það liggur í austur-vestur og er um 107 m langt. Hæð þess er 0,4-0,6 m og breidd 2-2,5 m.



Mynd 2 Garðlag í syðsta hluta Melamó, mynd er tekin í austur.

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Sérheiti: Finnastaðir

Í örnefnaskrá Mela segir: „Utan við Finnastaðagil er lítið kot, sem hét Finnastaðir, byggt að sögn á 17. Öld.“¹⁰ Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Finnastaðagilslækur rennur ofan gilið, vatnslítill að sumrinu. Neðan brekkna, sunnan lækjarins, var stekkur, líklega síðast notaður af föður mínum um 1917-1918. Á móts við stekkin, norðan gils, höfðu Finnastaðir verið, og sást móta þar fyrir einhverjum rústum.“¹¹

Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Finnastader kallast lítil girðing hjer í landinu út frá. Enginn veit að þar hafi byggð verið, og aldrei hefur þetta stórbýli verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“¹² Búið er að afmarka Finnastaði í örnefnasjá Landmælinga Íslands um 20 m norðan við Finnastaðalæk um 12 m austan við vegarslóða sem liggur í gegnum túnið. Á þeim slóðum var hægt að sjá leifar af garðlagi um 8 m langt, 0,4-0,9 m á hæð og breidd 1,7-2,3 m. Skammt norður af garðlaginu var annar bútur um 4 m langur en hann var aðeins lægri um 0,4-0,5 m á hæð en sama breidd 1,7-2 m. Í kringum 75 m austur niður með Finnastaðalæk var annar veggja bútur um 10 m langur og mjög svipaður að umfangi um 0,6-0,7 m á hæð og 2,7-2,8 m að breidd.



Mynd 3. Garðlag á Finnastöðum, mynd er tekin í suður.

¹⁰ Örnefnaskrá Mela, bls. 2.

¹¹ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 3.

¹² Árni og Páll, 1943, , bls. 71.

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Sérheiti: Finnastaðir

Í Örnefnaskrá Finnastaða segir: „Utan við Finnastaðagil er lítið kot, sem hét Finnastaðir, byggt að sögn á 17. Öld.“¹³ Í Örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir:

„Finnastaðagilslækur rennur ofan gilið, vatnslítill að sumrinu. Neðan brekkna, sunnan lækjarins, var stekkur, líklega síðast notaður af fœður mínum um 1917-1918. Á móts við stekkin, norðan gils, höfðu Finnastaðir verið, og sást móta þar fyrir einhverjum rústum.“¹⁴

Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Finnastader kallast lítil girðing hjer í landinu út frá. Enginn veit að þar hafi byggð verið, og aldrei hefur þetta stórbýli verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.“¹⁵ Búið er að afmarka Finnastaði í örnefnasjá Landmælinga Íslands um 20 m norðan við Finnastaðalæk um 12 m austan við vegarslóða sem liggur í gegnum túnið. Fast austan við garðlag nr. 3482-03 var nokkuð slétt svæði og stakir steinar á svæðinu eins og eitthvað mannvirki hafi einhvern tíma staðið þarna án þess að það væru reglulegar hleðslur, svæðið var um 14x7 m að umfangi. Ekki voru sjáanlegar tóftir á staðnum nema leifarnar af garðinum nr. 3482-03 enda sést á loftmyndum frá 1998 að þetta hefur verið tún. Skoðuð var loftmynd frá 1954¹⁶ og þá virðist vera hægt að sjá ummerki í túninu sem gætu hafa verið mannvistarleifar en búið er að slétta túnið.



Mynd 4. Slétt svæði með stöku steinum, mynd er tekin í vestur.

¹³ Örnefnaskrá Mela, bls. 2.

¹⁴ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 3.

¹⁵ Árni og Páll, 1943, bls. 71.

¹⁶ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

Fornleifanúmer: 3482-05

Hnit: A550690.6 N593886.0ISN93

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Finnastaðagilslækur rennur ofan gilið, vanslítill að sumrinu. Neðan brekkna, sunnan lækjarins, var stekkur, líklega síðast notaður af föðum mínum um 1917-1918. Á móts við stekkin, norðan gils, höfðu Finnastaðir verið, og sást móta þar fyrir einhverjum rústum.“¹⁷

Sunnan lækjarins er ræktað tún, fast við lækinn er órækt þar sáust engin ummerki um stekk aðeins grænna svæði heldur en á túninu. Líklega hefur stekkurinn horfið við túnasléttun. Ekki var hægt að sjá ummerki um tóftir á loftmynd frá 1954.¹⁸

Fornleifanúmer: 3482-06

Hnit: A550848.1 N593693.6ISN93

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Í kringum 400 m norðaustur af fjárhúsunum á Melum fyrir austan túnið neðan við brekkuna eru tóftir. Í annars sléttu landslagi nærri ánni þá eru áberandi dældir sem skera sig úr í umhverfinu og eru þær einnig sýnilegar á loftmyndum. Heimildarmaður minnti að þarna hafi verið beitarhús.¹⁹ Tóftirnar virðast vera niðurgrafnar frekar en að þarna hafið hleðslur.

Umfang þeirra er um 16X7,5 m og skiptast í tvö hólfi, í norðaustur virðist hafa verið útgangur. Dýpt niðurgrafar er um 0,4-0,5 m og þykkt veggja milli hólfa um 1,4-2 m.



Mynd 5. Niðurgrafið beitarhús, mynd er tekin í suðaustur.

¹⁷ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 3.

¹⁸ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

¹⁹ Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3482-07

Hnit: A550702.7 N593459.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu hefur útihús verið um 100 m norðaustur af núverandi fjárhúsum á Melum, þar er nú sléttað tún og enginn ummerki um eldri byggingar.

Fornleifanúmer: 3482-08

Hnit: A550636.3 N593384.4 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Norðan við Ullarholt er Syðrihúsaóll, en milli hans og holtsins Geitakofalág. ... Syðrihúsaóll, sem fyrr var nefndur, var beint upp af fjárhúsunum sem stóðu yzt og efst í túninu. Ytri húsahóll var litlu norðar en sá syðri e.t.v. í við framar í brekkunni, en þó mátti heita, að hólur þessir, sem áreiðanlega drógu nafn af fjárhúsunum á Melum, stæðust á.“²⁰ Samkvæmt túnakortinu hefur verið útihús fast norðan við núverandi fjárhús en þau voru byggð 1955 samkvæmt fasteignaskrá.²¹ Engin ummerki sáust um eldri mannvirki á staðnum.

Fornleifanúmer: 3482-09

Hnit: A550625.4 N593336.3 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt heimildarmanni þá telur hann að sama bæjarstæðið hafi alltaf verið á Melum.²² Íbúðarhúsið sem stóð á Melum var byggt 1942 úr timbri og asbesti,²³ en brann ásamt fjósinu á staðnum árið 1963.²⁴ Á staðnum var allt á kafi í grasi og einu leifarnar sem var hægt að sjá á staðnum fyrir utan fjárhúsin voru leifar af votheysgeymslu.

²⁰ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 2.

²¹ Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

²² Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

²³ Haukur, Jón og Steingrímur, MCMLXIII, bls. 253.

²⁴ „Stórbruni á Melum“, 1963.



Mynd 6. Fjárhús og leifar af votheysgeymslu á Melum þar sem bærinn stóð áður.

Fornleifanúmer: 3482-10

Hnit: A550603.6 N593354.6 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Fyrirnefnt gil milli húsahólanna er kallað Kviagil í Mela lýsingum Margreirs og Ara, en heima var það ætíð nefnt Bæjargil. Eftir því rennur bæjarlækurinn ofan úr fjallinu í áttina að Melum og var leiddur heim á tún.“²⁵

Skurður liggur í gegnum bæjarstæðið, skurðurinn er mikill að umfangi og virðist vera seinni tíma verk.



Mynd 7. Skurður í gegnum bæjarstæðið á Melum, mynd er tekin í vestur.

²⁵ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 3.

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Fyrirnefnt gil milli húsahólanna er kallað Kvíagil í Melalýsingum Margeirs og Ara, en heima var það ætíð nefnt Bæjargil.“²⁶

Í kringum 40 m ofar í brekkunni en kartöflugarðurinn nr. 3482-12 fast sunnan við vegarslóða sem liggur upp að sumarhúsum er nokkurs konar laut í brekkuna sem sker sig úr umhverfinu. Hún er frekar regluleg og virðist vera niðurgröftur frekar en hleðsluleifar. Umfangið á henni er um 7X8,5 m og niðurgröftur 0,6-0,8 m með útgang í austur, samkvæmt heimildarmanni voru þetta líklega kvíar.²⁷



Mynd 8. Tóft, mynd er tekin í suðaustur.

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Fyrirnefnt gil milli húsahólanna er kallað Kvíagil í Melalýsingum Margeirs og Ara, en heima var það ætíð nefnt Bæjargil. Eftir því rennur bæjarlækurinn ofan úr fjallinu í áttina að Melum og var leiddur heim á tún... Neðst í Bæjargilinu að norðan var kartöflugarður.“²⁸

Kartöflugarðurinn er um 55 m vestur af fjárhúsunum á Melum þar sem brekkan byrjar.

²⁶ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 3.

²⁷ Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

²⁸ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 3.

Á eldri loftmyndum sést móta greinilega fyrir matjurtagarði en í dag sést hann aðeins sem stallur í landinu sem er um 0,4-0,7 m á hæð. Norður og vestur hliðar eru horfnar undir trjágróður.



Mynd 9. Leifar af kartöflugarði, mynd er tekin í norðaustur.

Fornleifanúmer: 3482-13

Hnit: A550450.5 N593285.9 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Norðan við Ullarholt er Syðrihúsahóll, en milli hans og holtsins Geitakofalág. Efst í henni sá fyrir grasgrónum tóftum, en neðst í láginni, niður við túnið, var kofi sem notaður var fyrir geitur, en síðar kýr, að sumrinu.“²⁹ Tóftin er upp á hæðinni um 70 m vestan við vegarslóðann heim að Melum. Tóftin er um 7,3X6 m að umfangi, hæð 0,2-0,6 m og breidd hleðsla um 1,1-1,5 m. Tóftin er með útgang í vestur.

²⁹ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 2.



Mynd 10. Tóft, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3482-14

Hnit: A550521.8 N593262.9 ISN93

Hlutverk: Geitakofi

Tegund: Heimild

Sérheiti: Geitakofalág

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Norðan við Ullarholt er Syðrihúsaóll, en milli hans og holtsins Geitakofalág. Efst í henni sá fyrir grasgrónum tóftum, en neðst í láginni, niður við túnið, var kofi sem notaður var fyrir geitur, en síðar kýr, að sumrinu.“³⁰ Á loftmynd frá 1954³¹ virðist móta fyrir tóftum, austan við vegarlóðann að Melum um 55 m norðaustur af kartöflugörðunum nr. 3482-16. Á seinni tíma loftmyndum er ekki hægt að sjá þessa tóft og þegar gengið var um svæðið þá var allt á kafi í grasi þar en enginn ummerki sáust af tóftinni.

Fornleifanúmer: 3482-15

Hnit: A550470.2 N593255.0 ISN93

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Heimild

Sérheiti: Ullarholt

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Næsta hæð fyrir norðan Nónhól er Ullarholt, gróið að mestu, en með melskalla. Það var beint upp af gamla bænum, þar var

³⁰ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 2.

³¹ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

þurrkuð ull.“³² Ullarholt hefur verið afmarkað í örnefnasjá Landmælinga Íslands um 20 m norður af kartöflugörðunum nr. 3482-16.³³ Engin mannvistarleifar sáust á hólnum.

Fornleifanúmer: 3482-16

Hnit: A550625.4 N593336.3 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Í örnefnaskrá Mela athugasemdir og viðbætur segir: „Næsta hæð fyrir norðan Nónhól er Ullarholt, gróið að mestu, en með melskalla. Það var beint upp af gamla bænum, þar var þurrkuð ull. Milli Ullarholts og Nónhóls er breitt svæði. Þar voru hlaðnir garðar og fremur álitíð, að verið hefðu kartöflugarðar en fjárrétt. Utan um þetta er stór garður, hlaðinn af föður mínum, Guðna V. Þorsteinssyni, og notaður sem hestageymsla.“³⁴ Samkvæmt heimildarmanni var það Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri sem var að gera tilraunir með garðrækt á svæðinu.³⁵ Svæðið virðist vera tvískipt fyrst umfangsmikið garðlag um 34X23 m og þar eru hleðslurnar 0,4-0,8 m á hæð og breidd 0,9-1,1 m. Þar eru þrjú hólfi, hólfin í norður og suður eru tvískipt. Skammt norðan við þessi hólfi var hleðsla í brekkunni um 10X12 m, með op í norður og eru þær hleðslur svipaðar að umfangi og garðlagið sem liggur frá kartöflugörðunum í norður upp brekkuna og hring í henni og aftur að kartöflugörðunum í suður, hleðslan er rofinn á tveimur stöðum. Þar eru hleðslur um 0,4-0,6 m að hæð og breidd 0,9-1 m. Heildarlengd á því garðlagi er um 260 m.



Mynd 11. Tóftir af garðlögum, mynd er tekin í suður.

³² Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 1.

³³ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

³⁴ Örnefnaskrá Mela, athugasemdir og viðbætur, bls. 1.

³⁵ Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3482-17

Hnit: A550466.6 N593177.8 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Skammt suðaustur af kartöflugörðunum nr. 3482-16 var lítil tóft. Tóftin var um 7,3X5,2 m og með útgang á norðaustur horni. Hæð hleðsla var 0,3-0,5 m og breidd 0,8-1,3 m.



Mynd 12. Lítil tóft í háu grasi, mynd er tekin í austur.

Draflastaðir:

Fornleifanúmer: 3482-18

Hnit: A550166.1 N592089.3 ISN93

Hlutverk: Laug

Tegund: Garðlag

Í Laugarkíl er garðlag sem girðir af suðaustur hornið. Á loftmyndum sjást austur, norður og vestur hliðar greinilega en á suðurhlið er aðeins 12 m bútur. Heildarlengdin á garðlaginu er um 75 m, hæð 0,6-0,8 m og breidd 0,7-0,8 m.

Samkvæmt heimildarmanni þá var heitu vatni veitt úr Draflastaðalaug niður í þetta afgirta horn á Laugarkíl sem var notað sem sundlaug. Á loftmyndum er enn hægt að sjá ummerki um skurðinn sem vatninu var veitt um.³⁶

³⁶ Jón Sigurðsson, munnleg heimild.



Mynd 13. Garðlag, mynd er tekin í norður.

Fornleifanúmer: 3482-19

Hnit: A549898.3 N592042.4 ISN93

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Draflastaða segir : „Stór holtaklasi er norður frá bæ. Rétt norðan við holtið er Draflastaðalaug. Hún er snarpheit og er notuð til þvotta. Umhverfis hana eru kartöflugarðar frá Draflastöðum.“³⁷ Búið er að afmarka Draflastaðalaug í örnefnasjá Landmælinga Íslands.³⁸

Samkvæmt heimildarmanni er borhola á staðnum og í lauginni er vatnstúrbína, og er heita vatnið úr lauginni notað á Draflastöðum og Hjarðarholti.³⁹ Ekki var hægt að sjá ummerki um kartöflugarða en bæði er mikið gróðurfar á staðnum ásamt að svæðið í kringum lagina hefur verið raskað á seinni tímum.

Fornleifanúmer: 3482-20

Hnit: A549883.3 N592042.5 ISN93

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Niðurgröftur

Sérheiti: Draflastaðalaug

Í örnefnaskrá Draflastaða segir : „Stór holtaklasi er norður frá bæ. Rétt norðan við holtið er Draflastaðalaug. Hún er snarpheit og er notuð til þvotta. Umhverfis hana eru kartöflugarðar

³⁷ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 5.

³⁸ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

³⁹ Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

frá Draflastöðum.⁴⁰ Búið er að afmarka hana í örnefnasjá Landmælinga Íslands.⁴¹ Laugin er um 18X10 m og um 0,2-0,6 m á dýpt. Samkvæmt heimildarmanni er borhola á staðnum og í lauginni er vatnstúrbína, og er heita vatnið úr lauginni notað á Draflastöðum og Hjarðarholti.⁴²



Mynd 14. Draflastaðalaug, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3482-21

Hnit: A550300.4 N591947.6 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Í kringum 200 m suðaustur af Laugarkíl er garðlag um 0,1-0,5 m á hæð, breidd 1-1,5 m en líklega hefur þetta verið einhvers konar áveitugarður. Lengdin á garðinum var um 45 m en í vestur hlutanum hverfur garðurinn í kjarri. Hluti af garðinum var mældur á vettvangi en hluti teiknaður eftir loftmynd.

⁴⁰ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 5.

⁴¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁴² Jón Sigurðsson, munnleg heimild.



Mynd 15. Garðlag í mýrinni, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3482-22

Hnit: A550181.3 N591882.4 ISN93

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Í kringum 80 m suðvestur af garðlagi nr. 3482-21 eru þrjár tóftir. Vestasta tóftin er áberandi stærst um 13X9 m og virðast vera tvö hólf í henni. Hæð veggja var 0,4-0,5 m og breidd 1,2-2,6 m. Ekki var hægt að greina neinn útgang á tóftinni en norðaustur hlutinn af henni var hulin kjarri. Út frá staðsetningu og byggingarlagi tóftar þá er líklegt að þetta hafi verið heytóft. Heimildarmaður taldi líka að það hafi verið tilgangur þessara tófta.⁴³



Mynd 16. Tóft, mynd er tekin í suðvestur.

⁴³ Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 3482-23

Hnit: A550211.8 N591886.4 ISN93

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Í kringum 20 m austur af tóft nr. 3482-22 var önnur tóft og umfang hennar um 11,5X6 m. Hæð hleðsla um 0,5-0,8 m og breidd 1,4-1,7 m. Enginn útgangur var á henni og aðeins eitt hólf var í henni.



Mynd 17. Tóft, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3482-24

Hnit: A550218.1 N591876.6 ISN93

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Um 6 m suður af tóft 3482-23 var þriðja tóftin, hringlaga um 7X7 m. Eins og fyrri tóftirnar tvær á staðnum var enginn útgangur, hæð hleðsla 0,6-0,7 m og breidd 1,6-2 m.



Mynd 18. Tóft, myndin er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3482-25

Hnit: A550269.3 N591779.7 ISN93

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Í um 105 m í suðvestur af heygeymslu nr. 3482-24 var garðlag, það var sýnilegt á loftmynd en hins vegar var lítið hægt að sjá af því á staðnum fyrir kjarri. Var það kortlagt bæði með loftmynd og mælingum á staðnum. Garðlagið er um 88 m langt og liggur með smá sveig í austur-vestur. Hæðin á því var um 0,1-0,2 m og breidd 0,7-0,8 m. Líklega hefur þetta verið einhvers konar áveitugarður.



Mynd 19. Garðlag, mynd er tekin í suðaustur.

Fornleifanúmer: 3482-26

Hnit: A549805.9 1809.9 ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Skammt ofan við túnið um 190 m suður af Draflastaðalaug var garðlag sem liggur norður-suður. Það var skarð í því á tveimur stöðum en heildarlengd á því var um 50 m. Hæðin á því var 0,4-0,6 m og breidd 0,4-0,8 m. Sunnar í sömu stefnu er töluvert umfangsmeira garðlag og er girðing efst í því. Þar er garðlagið um 0,5-0,6 m á hæð og 3,4-3,6 m á breidd. Það liggur í tveimur hlutum samtals um 141 m. Syðri hlutinn af garðlaginu virðist vera seinni tíma verk en hann liggur hins vegar í sömu stefnu og ytra garðlagið svo hugsanlega er eldra garðlag undir því.



Mynd 20. Garðlag nyðri-hluti, mynd er tekin í suður.

Fornleifanúmer: 3482-27

Hnit: A549778.1 N591771.4 ISN93

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Sérheiti: Stekkjarrófa

Í örnefnaskrá Draflastaða segir: „Norðan við Ytra-gilið er Stekkjarrófa. Þar er lítið stekkkjar brot. Þess þarf varla að geta að allt er þetta neðan fjallróta og aðallega niðri móts við Brekkur, sem voru sunnan Bæjargils.“⁴⁴

Á loftmynd frá 1954 sjást greinileg þúst í laginu eins og stekkur⁴⁵ en á seinni tíma loftmyndum er ekki hægt að sjá nein ummerki á þeim. Á staðnum var allt hulið miklu og þéttu grasi. Á svæðinu virtist vera leifar af tóft um 20X8 m, hæð 0,7-1 m og breidd 0,9-1,4 m. Erfitt var að mæla upp tóftina vegna mikils gróðurfars eins og má sjá á meðfylgjandi ljósmynd. Líklega er stekkurinn raskaður að einhverju leyti. Ekki var hægt að greina neinn útgang og erfitt var að átta sig á innri lögun en það virðist hafa verið þrjú hólfi en ekki er hægt að fullyrða um það.

⁴⁴ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 3.

⁴⁵ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.



Mynd 21. Leifar af stekk þakinn gróðri, mynd er tekin í vestur.

Fornleifanúmer: 3482-28

Hnit: A549805.9 N591809.9ISN93

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Garðlag

Sérheiti: Þorgeirsgerði

Í örnefnaskrá Draflastaða segir: „Efst í Þorgeirsholti er Þorgeirsleiði. Er í almæli að þar sé Þorgeirsboli grafinn, en hann var fyrir eina tíð heimagangur á flestum bæjum í Fnjóskadal. Nú er trúin á bola farinn að dofna og minna um hann rætt, enda gerast nú færri atburðir í sambandi við hann. Þorgeirsgerði er á Þorgeirsholti.“⁴⁶

Búið er að afmarka Þorgeirsgerði í örnefnasjá Landmælinga Íslands ekki var hægt að sjá gerði á þeim slóðum⁴⁷ en um 158 m suðaustur af þeirri staðsetningu virðist vera garðlag, sem liggur í um 86 m í suðaustur og endar við litla tóft. Mjög erfitt var að greina garðlagið á staðnum en það sjást líka ummerki á loftmynd. Garðlagið var um 0,5-0,7 m á hæð og breidd um 0,8-0,9 m.



Mynd 22. Leifar af garðlagi, mynd er tekin í suðaustur.

⁴⁶ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 5.

⁴⁷ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

Fornleifanúmer: 3482-29

Hnit: A550144.5 N591639.7 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í suður enda garðlags nr. 3482-28 var lítil tóft um 6X4,7 m, hæð veggja hleðsla 0,3-0,6 m og breidd 0,6-0,9 m. Tóftin virðist vera tvískipt lítið innra hólfi án útgangs og annað stærra hólfi með útgang í suðvestur.



Mynd 23. Tóft, mynd er tekin í austur.

Fornleifanúmer: 3482-30

Hnit: A549957.4 N591731.4 ISN93

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Heimild

Sérheiti: Þorgeirsléiði

Í örnefnaskrá Draflastaða segir: „Efst í Þorgeirsholti er Þorgeirsléiði. Er í almæli að þar sé Þorgeirsboli grafinn, en hann var fyrir eina tíð heimagangur á flestum bæjum í Fnjóskadal. Nú er trúin á bola farin að dofna og minna um hann rætt, enda gerast nú færri atburðir í sambandi við hann.“⁴⁸ Búið er að afmarka svæðið Þorgeirsholt í örnefnasjá Landmælinga Íslands um 580 m norðaustur af bæjarhúsunum á Draflastöðum.⁴⁹ Var Þorgeirsléiðið staðsett á þeim stað þar sem búið var að afmarka Þorgeirsgerði en það er efst í holtinu. Samkvæmt heimildarmanni sem hann hafði eftir bróðir pabba síns honum Karli Karlssyni frá Klaufabrekknakoti að þá er þetta eina rétta staðsetningin á léiði Þorgeirsbola.⁵⁰

⁴⁸ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 5.

⁴⁹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

⁵⁰ Jón Sigurðsson, munnleg heimild. Jón Sigurðsson, munnleg heimild.

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Girðing

Í Byggðir og bú Suður-Þingeyinga segir: „Kirkja hefur alla tíð verið á Draflastöðum, svo lengi sem vitað er. Hún stóð áður í miðju kirkjugarðs, sem nú er vel girtur og snyrtur, út og fram af bænum,... Árið 1927 var byggð ný kirkja úr steinsteypu, og var henni valinn staður á svo nefndum Pétursvelli, neðar í túninu og nokkuð austar en gamla kirkjan stóð.“⁵¹

Gamli kirkugarðurinn er teiknaður á túnakortinu frá 1918 og er innan framkvæmdasvæðisins.

Kirkjugarðurinn er afgirtur grindverki um 0,5-0,8 m á hæð. Í kringum 1 m í austur af austurhliðinni á grindverkinu er leifar af hlöðnum kirkjugarðsvegg um 0,5-0,7 m á hæð og breidd 0,3-0,55 m en erfitt er að meta breiddina á honum þar sem vestur hluti hans er undir grasflöt. Í um 10 m norður í veggnum er steinn með króki í til að geyma hesta.



Mynd 24. Gamli kirkjugarðurinn, hlaðinn steinveggur til austurs, myndin er tekin í norðvestur.

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu hefur gamla bæjarstæðið verið fast vestan við núverandi íbúðarhús sem var byggt árið 1936 og veitingasalur 1952.⁵² Ekki sjást neinar leifar af eldri byggingum á staðnum.

⁵¹ Helgi, Jóhanna og Erlingur, MCMLXXXVI, bls. 155.

⁵² Heimasíða HMS – vefuppfletti fasteignaskrár.

Fornleifanúmer: 3482-33

Hnit: A549608.2 N590983.7ISN93

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Fast suður af gamla bæjarstæðinu var kálgarður á túnakortinu, ekki sáust neinar leifar af honum en það var rabbabari norðan við lækinn innan þess hluta sem kálgarðurinn á að hafa verið á.

Fornleifanúmer: 3482-34

Hnit: A549618.9 N590962.6ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Sérheiti: Hesthúshóll

Í örnefnaskrá Draflastaða segir: „Þá er Suðurtún sunnan við bæ, og svo er það Sníkirinn. Þá var Hesthúshóll yzt á Suðurtúninu. Beint suður af kirkjunni heitir Hvammur, og Hesthúshóllinn er þar suður af.“⁵³ Á túnakorti var útihús um 30 m suður af bæjarstæði, á loftmynd frá 1954 virðist móta fyrir tóftum á sama stað og teikningin var af útihúsinu⁵⁴ á staðnum var töluvert rask í háu grasi, ekki var hægt að sjá nein ummerki um eldri mannvirki.

Fornleifanúmer: 3482-35

Hnit: A549546.6 N590954.8ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakorti var útihús suður-vestur af bæjarstæði, á loftmynd frá 1954 sjást mannvirkjaleifar sunnan við bæjarlækinn⁵⁵ um 60 m vestur af útihúsi nr. 3482-34. Engin ummerki sjást á staðnum af eldri mannvirki í háu grasi. Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er örnefnið Hús um 40 m norðar⁵⁶, líklega vísar það á þetta mannvirki.

Fornleifanúmer: 3482-36

Hnit: A549526.1 N591009.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Sérheiti: Hólshúshóll

Í örnefnaskrá Draflastaða segir: „Allstórt svæði í túni uppundan bæ er nefnt Sníkir. Það er brekka. Svæðið þótti illslægt, en ekki er vitað af hverju nafn þetta er dregið. Hæsti hóllinn á

⁵³ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 1.

⁵⁴ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

⁵⁵ Landmælingar Íslands – Loftmyndasafn 1954.

⁵⁶ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

Þessum hluta túns heitir Hólshúshóll...⁵⁷ Á túnakorti var útihús í kringum 90 m vestur af bæjarstæðinu á svipuðum slóðum og Hólshúshól er staðsettur í örnefnasjá Landmælinga Íslands.⁵⁸ Á loftmynd frá 1998 virðist móta fyrir lítilli tóft, en hún sést ekki á seinni tíma loftmyndum. Ekki var þó hægt að finna neitt á staðnum þrátt fyrir mikla leit en gróðurinn var grænni þar en í umhverfinu.


Fornleifanúmer: 3482-37

Hnit: A549530.8 N591060.3 ISN93

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag


Í kringum 100 m vestan við núverandi íbúðarhús eru leifar af túngarði, sem passar nokkuð vel við vestur hluta túns á túnakortinu. Garðurinn liggur í brekku um og er hæðin 0,2-0,7 m og breidd um 1,2-1,6 m. Lengdin á garðinum er um samanlagt um 80 m en hann virðist rofinn á einum stað.




Mynd 25. Túngarður, mynd er tekin í norðaustur.

⁵⁷ Örnefnaskrá Draflastaða, bls. 1.

⁵⁸ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.



nafn: MELAR	teikn. 02.09.2025 hj	Skýringar: Afmörkun deiliskipulagssvæðis og fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri svæðis á Melum.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s. 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
ÞINGEYJARSVEIT	mælikv. 1:6000 í A4	Unnið eftir mynd nr. e546 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998	



nafn:	DRAFLASTAÐIR	teikn.	02.09.2025 hj	Skýringar:	Afmörkun deiliskipulagssvæðis og fornleifar og heimildir um fornleifar innan og nærri svæðis á Draflastaðum.	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	ÞINGEYJARSVEIT	mælikv.	1:6000 í A4			Unnið eftir mynd nr. e546 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 1998

5. Samantekt

Vettvangskönnun á fornleifum á Melum og Draflastöðum var víða mjög erfið vegna mikils gróðurfars. Var því mikið notast við loftmyndir til þess að finna og staðsetja minjastaði. Oft á tíðum þrátt fyrir að hægt væri að sjá einkenni á loftmyndum sem bentu til minjastaða þá sást lítið sem ekkert á vettvangi og sést það einna best á ljósmyndunum þar sem í mörgum tilfellum sést ekkert á þeim nema gróður. Við uppmælingar þurfti oft að ganga fram og til baka um svæðið til að átta sig á umfangi og lögun minjanna. Á Melum og Draflastöðum voru skráðir 37 minjastaðir þar af 16 sem heimildir. Þrátt fyrir að reynt væri eftir bestu getu að staðsetja heimildir um minjastaði sem nákvæmast þá getur alltaf munað einhverju frá raunverulegri staðsetningu minjanna og þar sem þær voru staðsettar í skýrslunni.

Þrátt fyrir að ekki fleiri menningarminjar hafi fundist þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 28 nóvember 2025

Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Fnjóskadalshreppur. Ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Haukur Ingjaldsson, Jón Sigurðsson og Steingrímur Baldvinsson (ritnefnd). (MCMLXIII). Byggðir og Bú, aldarminning Búnaðarsamtaka Suður-Þingeyinga í máli og myndum. Akureyri. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altxt/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Guðrún Alda Gísladóttir. Menningarminjar í Hálshreppi. Svæðisskráning. (2002). Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson (ritnefnd).(MCMLXXXVI). Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985. Búnaðarsamband-Þingeyjarsýslu.

Heimasíða HMS, vefuppfletti fasteignarskrár. Sótt af <https://vefuppfletti.fasteignaskra.is/leit>. Skoðað 23.09.2025.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 29.08.2025.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn. Svæði nr:72 – Dalsmynni - Draflastaðir. Tökudagur: 1954-08-22. Sótt af <https://www.natt.is/is/midlun/opin-gogn/loftmyndir> Skoðað 29.08.2025.

Stórbruni á Melum.(1963, 23.janúar). Dagur, 1.

Heimildarmenn:

Sigurður Arnar Jónsson, 1972, Draflastöðum, Þingeyjarsveit.

Jón F. Sigurðsson, 1938, Hjarðarholti, Þingeyjarsveit

Túnakort:

Uppdráttur af túni á Draflastöðum í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónsyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnssonar. 1918. Akureyri

Uppdráttur af túni á Melum í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Mælt og teiknað af Kristjáni Jónsyni, Nesi. Prentsmiðja Odds Björnssonar. 1918. Akureyri

Örnefnaskrár:

Draflastaðir. Ari Gíslason. Örnefnastofnun.

Melar. Ari Gíslason. Örnefnastofnun.

Melar. Athugasemdir og viðbætur Huldu Guðnadóttir við Örnefnalýsingar Mela í Fnjóskadal, skráðar af Margeiri Jónssyni og Ara Gíslasyni, og svör við nokkrum spurningum Örnefnastofnunnar frá 8. Marz 1988. Örnefnastofnun.